

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðherra  
Dagsetning: 19. september 2023  
Málsnúmer: FJR23060032  
Bréfalykill: 8.1.3  
Jafnréttismat: Nei

Efni: Nýjar og breyttar heimildir í 6. gr. vegna fjárlagafrumvarps 2024

Við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár hafa borist beiðnir frá fagráðuneytum og stofnunum sem koma að umsýslu eigna er snúa að breyttum eða nýjum heimildum. Eftir yfirferð á þeim beiðnum sem hafa borist er lagt til að eftirfarandi tillögur verði bætt við eða breytt í 6. gr. fjárlaga fyrir næsta ár:

### Sala fasteigna.

#### 2.35 Að taka við eignarhlut í Lág múla 9 í Reykjavík vegna yfirfærslu verkefna frá innheimtustofnun sveitarfélaga til sýslumanns og selja eða leigja eignina sé ekki talin þörf á henni undir starfsemi ríkisins.

Um er að ræða eignarhlut í húsnæði við Lág múla sem ríkissjóður mun yfirtaka 1. janúar 2024 í samræmi við breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Samkvæmt breytingum á lögnum tekur ríkissjóður við fasteign, skrifstofubúnaði og innheimtu- og upplýsingakerfum í eigu Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna yfirfærslu verkefna frá þeirri stofnun til sýslumanna. Gert er ráð fyrir að verkefni innheimtustofnunar verði færð til sýslumanna og er af þeim sökum ekki gert ráð fyrir að ríkið hafi þörf á þessu húsnæði til lengri tíma.

#### 2.36 Að selja eignarhlut ríkisins í Skólábæ við Suðurgötu 26 í Reykjavík þrátt fyrir þinglýstar kvaðir um eignin skuli vera ævarandi eign Háskóla Íslands og ráðstafa söluandvirðinu í þágu kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands.

#### 2.37 Að selja eignarhlut ríkisins í Bárugötu 3 í Reykjavík þrátt fyrir þinglýstar kvaðir um að Vísindasjóði sé ekki heimilt að selja eða gefa eignina og ráðstafa söluandvirðinu í þágu rannsókna og nýsköpunar á vegum Rannís.

Um er að ræða tvær fasteignir sem afsalað var til stofnana á vegum ríkisins á sínum tíma en nýtast ekki lengur undir starfsemi á þeirra vegum. Annars vegar er um að ræða Skólábæ við Suðurgötu sem afsalað var til Háskóla Íslands með gjafabréfi árið 1972. Í afsalinu kemur fram að eignin verði ævarandi eign Háskóla Íslands og að háskólanum sé óheimilt að láta hana af hendi. Skólábær er ríflega 400 fermetra einbýlishús sem nýtist ekki lengur undir starfsemi á vegum Háskóla Íslands. Af þeim sökum hefur háskólinn óskað eftir að kanna hvort hægt sé að selja eignina þrátt fyrir þinglýstar kvaðir gegn því að nota andvirðið í þágu kennslu- og rannsóknarverkefna við háskólann, t.a.m. með því að efna til sjóðs til styrktar doktorsnemum eða einstökum rannsóknarverkefnum. Hins vegar er um að ræða húseign við Bárugötu 3 sem afsalað var til Vísindasjóðs árið 1986 með gjafagerningi. Í afsalinu kemur fram að Vísindasjóður megi aldrei selja eða gefa eignina. Rannís tók við hlutverki Vísindasjóðs í samræmi við lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Húsnæðið við Bárugötu hefur ekki nýst undir starfsemi á vegum Rannís eða aðra vísindastarfsemi um langt skeið og þykir ekki hentugt undir slíka starfsemi.

#### 2.38 Að selja eða leigja Grensásveg 9, Reykjavík.

Um er ræða skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins við Grensásveg sem er til skoðunar að selja á almennum markaði að hluta eða öllu leyti. Komið er að endurbótahörf á eigninni til að hún uppfylli nútímakröfur en

tekin verður ákvörðun um ráðstöfun hennar að lokinni fýsileikakönnun um hvort heppilegra sé að ráðast í endurbætur á eigninni eða setja í almenna sölu.

### **2.39 Að selja húsnæði á vegum Skógræktar og Landgræðslu og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði í tengslum við endurskipulagningu starfseminnar.**

Í kjölfar sameiningar á Skógræktinni og Landgræðslunni sem samþykkt var með lögum í júní 2023 er óskað eftir heimild til að selja eða leigja einstakar eignir sem ekki verður talin þörf á að nýta áfram undir sameinaða stofnun. Talsvert af húsnæði hefur verið í umsjón beggja stofnana víðsvegar um landið. Ráðast þarf í greiningu á því hvaða eignir verða áfram nýttar undir sameinaða stofnun og hvaða eignir væri hægt að ráðstafa undir aðra nýtingu eða selja á almennum markaði.

### **Sala lóða, spildna og jarða.**

#### **3.12 Að heimila Jarðasjóði að kaupa jarðir eða jarðahluta vegna náttúruverndar, menningarminja, útivistar eða annarrar hagnýtingar sem þjónar almannahagsmunum.**

Heimildin er endurnýjuð frá fyrra ári sem aflað var í tengslum við forkaupsréttarákvæði ríkisins sem finna er í lögum um náttúruvernd. Breytingar voru gerðar á lögum um menningarminjar árið 2022 þar sem fram kemur að ríkissjóður skuli hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum þar sem friðlýstar menningarminjar eru. Vegna þessa eru gerðar breytingar á heimildinni frá fyrra ári og því bætt við að Jarðasjóði sé heimilt að kaupa jarðir eða jarðahluta vegna menningarminja auk náttúruverndarsjónarmiða og annarra hagnýtingar sem þjónar almannahagsmunum.

#### **3.24 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Kollafoss í Húnaþingi vestra.**

#### **3.25 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Grænanesi í Fjarðabyggð.**

#### **3.26 Að heimila Jarðasjóði að selja jörðina Háls og Saurbæ í Eyjafjarðarsveit.**

#### **3.27 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jarðirnar Flatey 1, Flatey 2 og 3, Eskey og Odda í Sveitarfélaginu Hornafirði.**

#### **3.28 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Syðri-Steinsmýri 1 í Skaftárhreppi.**

#### **3.29 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja fasteignir á Stakkahlíð í Múlaþingi.**

Ofangreindar heimildir varða hefðbundna umsýslu jarða þar sem þörf er á að ráðstafa jörðum eða húseignum á jörðum í kjölfar þess að ábúð eða leigu hefur lokið. Ekki er talið að sérstakir almannahagsmunir séu að baki eignarhaldi ríkisins á þeim jörðum sem óskað er eftir söluheimild á sem krefjast þess að þær verði áfram í ríkiseigu. Hins vegar er miðað við að jarðirnar Grænanes, Syðri-Steinsmýri og Stakkahlíð verði áfram í eigu ríkisins þar sem almannahagsmunir eru taldir liggja að baki eignarhaldi á þeim jörðum. Þar sem ríkið sér ekki fram á að nýta húseignir á þeim jörðum undir opinbera starfsemi er óskað eftir heimild til að selja eða leigja þær eignir á leigulóðum til að koma þeim í eðlilega nýtingu.

### **Kaup og leiga fasteigna.**

#### **4.27 Að taka við eignarhaldi á Sæmundargötu 11 og leigja undir áframhaldandi starfsemi.**

Unnið er að því að færa eignarhald á Norræna húsinu við Sæmundargötu til ríkisins. Yfirfærslan er hluti af samkomulagi við Norrænu ráðherranefndina um aukna aðkomu íslenska ríkisins að rekstri fasteignar nefndarinnar á Íslandi. Miðað er við að eigninni verði komið fyrir í umsýslu hjá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum og tryggja að viðhaldi verði sinnt og áframhaldandi starfsemi geti verið í eigninni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á grundvelli eðlilegra leigugreiðslna.

### **Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni.**

#### **6.4 Að ákveða að gengið verði á grundvelli útboðs til samninga um stærri hugbúnaðarkerfi eða skýjaumhverfi fyrir ríkisaðila til allt að tíu ára.**

Um er að ræða breytingu á eldri heimild frá fyrra ári en eldri heimildin takmarkaðist við skýjaumhverfi. Breytingin felur í sér að stærri hugbúnaðarkerfi falli einnig undir heimildina. Heimildin er komin til sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber tjármál telst of skammur þegar kemur að kaupum á stærri hugbúnaðarkerfum. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára. Talið er hagkvæmara að samið sé til allt

að 10 ára þegar kemur að umfangsmiklum og tæknilega flóknum kerfum sem aðeins er skipt um á marga ára fresti.

### **Ýmsar heimildir.**

#### **7.5 Að ganga til samninga við Vesturbyggð um ráðstöfun á Bildudalsskóla vegna áformaðra framkvæmda við ofanflóðavarnir á svæðinu.**

Lagt er til að heimildar verði aflað til að ganga til samninga við Vesturbyggð um að fjarlægja eða hætta að nota skólahúsnæði á skilgreindu hættusvæði í Bildudal í stað þess að ofanflóðasjóður ráðist í kostnaðarsamar framkvæmdir við að verja húsnæðið. Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum heimila ekki greiðslur úr ofanflóðasjóði til sveitarfélaga til að mæta kostnaði þeirra við að flytja starfsemi af hættusvæði og þá eftir atvikum til að kaupa eða byggja annars staðar en á hættusvæði eða ráðast í breytingar á húsnæði utan hættusvæða í stað þess að reisa varnargarð. Af þeim sökum er þörf á að afla sérstakrar heimildar til samningsgerðarinnar við sveitarfélagið. Talið er að það muni leiða til hagkvæmari niðurstöðu bæði fyrir ríkið og sveitarfélagið að ná samkomulagi um að starfseminni verði fundinn nýr staður utan hættusvæðis.

#### **7.7 Að færa innra leiguverð fasteigna sem færðar verða í umsjón Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna nær leiguverði sambærilegra eigna á sama markaðssvæði og eftir atvikum að undirbúa breytingar á fjárheimildum vegna þessa. Jafnframt að hækka leiguverð fasteigna í umsjón stofnunarinnar í samræmi við kostnað vegna endurbóta á einstökum eignum.**

Gerð er breyting á heimildinni frá fyrra ári. Í tengslum við innleiðingu á breyttum reikningsskilastöðum ber nú að eignfæra og afskrifa fasteignir á endingartíma þeirra. Með innleiðingu á markaðsleigu eða ígildi hennar vegna innri leigu í starfsemi ríkisins var verið að auka við fjárhagslegt gagnsæi við rekstur eignasafnsins og tryggja að leiga viðkomandi eignar endurspegladi verðmæti hennar. Við rekstur eignasafnsins þegar ráðist er í endurbætur sem eru umfram hefðbundið viðhald m.a. vegna sérstakra óska viðkomandi notenda er mikilvægt að leiguverð eignarinnar sé endurskoðað í samræmi við þá fjárfestingu sem verið er að ráðast í. Að öðrum kosti er hætta á forsendur fyrir innleiðingu á markaðsleigunni muni breyta yfir lengri tíma. Af þeim sökum er lagt til að ótvíræð heimild sé til staðar fyrir stofnunina að hækka leiguverð fasteigna sem er í umsjón hennar í samræmi við kostnað vegna endurbóta á einstökum eignum.

#### **7.19 Að heimila Kríu, sem er sprota- og nýsköpunarsjóður í eigu ríkisins, að fjárfesta fyrir allt að 2.940 m.kr. í samræmi við fjárfestingaráætlun sjóðsins og að greiða allt að 806 m.kr. af áætludum 8.300 m.kr. heildarfjárfestingum hans. Jafnframt að ákveða að gengisáhætta Kríu vegna fjárfestingaloforða í erlendri mynt verði hjá ríkissjóði**

Kríu er sjálfstæður sjóður sem fjárfestir í sérhæfðum sjóðum sem starfa á markaði, sbr. lög nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð. Heimildin er endurnýjuð frá fyrra ári en með uppfærðum fjárhæðum í samræmi við áætlanir sjóðsins. Sjóðurinn hefur ekki fullnýtt fjárfestingarheimildir síðastliðin tvö ár og er því gert ráð fyrir að ónýttar heimildir færist yfir á næsta ár og árið 2025.

#### **7.27 Að kaupa og selja fasteignir milli eignasafna ríkisins sem falla undir A-hluta með láni eða stofnfé enda hafi það ekki áhrif á samstæðu A-hluta ríkissjóðs.**

Í samræmi við lög um opinber fjármál er miðað við að framkvæmd húsnæðismála verði samræmd á vegum ríkisins til að tryggja faglega, örugga og hagkvæma umsýslu eigna. Unnið hefur verið að því færa allar eignir ríkisins í miðlæga umsýslu ásamt því að auka fjárhagslegt gagnsæi við rekstur þeirra. Almennt er miðað við að flestar fasteignir í eigu ríkisins verði í umsýslu hjá Framkvæmdasýslu - Ríkiseignum, sem er sérhæfður og miðlægur eignasafni á vegum ríkisins. Þá hefur sérstöku eignasafni verið komið á fót utan um fasteignir Háskóla Íslands og unnið er að því að koma sambærilegu fyrirkomulag á laggirnar utan um fasteignir Landspítalans og annarrar sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu. Til að einfalda eignfærslu og aðra bókhaldslega meðferð þessara eigna og tilfærslu milli einstakra eignasafna innan A-hluta ríkissjóðs er lagt til að heimild sé til staðar til að færa einstakar eignir á milli safnanna með láni eða eigin fé enda hafi það ekki áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs.

### **7.29 Að ganga til samninga um skipti á eignum í tengslum við slit á ÍL-sjóði á grundvelli sérlega um skuldaskil og slit á sjóðnum ásamt að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs.**

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á komandi haustþingi sem heimilar slit á ÍL-sjóði. Í ljósi þeirra áforma er lagt til að sérstakrar heimildar verði aflað sem heimili skipti á eignum í tengslum við uppgjör á eignum og skuldum sjóðsins, auk heimildar til að gera upp fyrirbyggjandi ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs. Heimildin felur því annars vegar í sér að ráðherra geti gengið til skipta á eignum í því skyni að liðka fyrir uppgjöri á ÍL-sjóði, ef af fyrirhuguðum slitum sjóðsins verður. Eignir sjóðsins eru sumar hverjar þess eðlis að erfitt getur verið að koma þeim í verð eða skipta þeim á milli kröfuhafa innan tilhlýðilegra tímamarka. Ráðstöfunin mun ekki fela í sér beinan ábata, hvorki fyrir ÍL-sjóð né ríkissjóð. Hins vegar felur heimildin í sér að grípa megi til ráðstafana til að standa við ríkisábyrgð á skuldum ÍL-sjóðs. Ef fyrirhugað frumvarp verður að lögum getur komið til uppgjörs á ríkisábyrgðinni fyrir en ella hefði verið.

### **7.30 Að undirgangast skuldbindingar f.h. ríkissjóðs vegna útboðs á Ölfusárbrú gegn því að sérstök gjaldtaka fyrir akstur um hana standi undir kostnaði.**

Að undangengnu samráði við innviðaráðuneytið er óskað eftir heimild til að ríkissjóður undirgangist skuldbindingar vegna útboðs á Ölfusárbrú. Framkvæmdin er boðin út í samræmi við forsendur samgönguáætlunar.

Samkvæmt lögum um samvinnuverkefni nr. 80/2020 er Vegagerðinni heimilt að bjóða út tiltekna framkvæmdir og ganga til samninga við einkaaðila um framkvæmd og fjármögnun einstakra verkefna. Til að verkefni geti talist samvinnuverkefni samkvæmt skilyrðum laganna þarf „einkaaðili að annast fjármögnun opinbers mannvirkis, í heild eða að hluta, eða að taka með öðrum hætti áhættu af gerð og rekstri þess, eftir atvikum með heimild til gjaldtöku fyrir notkun mannvirkisins á rekstartíma“. Miðað við núverandi stöðu uppfyllir verkefnið um Ölfusárbrú ekki skilyrði laganna. Þótt framkvæmdin verði af þeim sökum ekki unnin á grundvelli laga um samvinnuverkefni til að byrja með er miðað við að gjaldtaka fyrir akstur um brúna standi undir kostnaði við fjármögnun, framkvæmd og rekstur. Á þeim grundvelli er lagt til að ríkissjóður geti gengist undir ábyrgð vegna þeirra skuldbindinga sem af verkefninu leiða.

Útboðsferli vegna framkvæmdarinnar er hafið og er gert ráð fyrir að hægt verði að ljúka samningum í byrjun árs 2024. Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er heildarkostnaður verkefnisins um 15,3 ma.kr. sem dreifist yfir þriggja ára framkvæmdatímabil. Áætlað er að innheimta veggjalda geti hafist árið 2027 og gerir Vegagerðin ráð fyrir að það taki um 30 ár fyrir fjárfestinguna að standa undir sér með greiðslu veggjalda.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að framkvæmdaraðilum verður ætlað að skila inn tvenns konar tilboðum, þ.e. með fjármögnun á framkvæmdatíma og án fjármögnunar. Þegar tilboð liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort framkvæmdaaðili beri ábyrgð á fjármögnun eða hvort hagfelldara sé fyrir ríkið að annast fjármögnunina á framkvæmdatíma að hluta eða öllu leyti, en í því tilviki yrði aflað viðeigandi heimilda í fjárlögum.

Verkefnið er metið fjárhagslega sjálfbært miðað við núverandi forsendur Vegagerðarinnar og gert ráð fyrir að gjaldtaka verði hafin fyrir akstur um brúna sem standi undir heildarkostnaði. Leggja þarf endanlegt mat á fjárhagslega sjálfbærni verkefnisins sem staðfest er af fjármálaráðuneytinu þegar endanlegar forsendur liggja fyrir, með lögbundinni aðkomu og að fenginni umsögn Ríkisábyrgðarsjóðs, sbr. lög nr. 121/1997, að teknu tilliti til sérstöðu verkefnisins sem felst í því að ekki er um ábyrgðarþega utan A-hluta fjárlaga að ræða.

Að framkvæmdum loknum, þ.e. við verkaskil á fullbúnu mannvirki, kemur til ákvarðana um fjármögnun verkefnisins til lengri tíma samhliða uppgjöri við framkvæmdaraðila. Þá mun liggja fyrir hvernig rekstri og umsjón mannvirkisins verður háttáð m.a. með vísan til laga um samvinnuverkefni nr. 80/2020, og hvernig staðið verði að innheimtu veggjalda fyrir akstur yfir brúna.

Miðað er við að útboð fari fram á haustmánuðum 2023 og tilboð opnuð í ársbyrjun 2024 en að endanlegir samningar við bjóðendur verði ekki undirritaðir fyrr en að fjárlögum 2024 samþykktum og að fenginni þeirri heimild sem hér er óskað eftir.

Í ljósi þess að ekki er hægt að færa áhættuna af fjárfestingunni alfarið yfir á framkvæmda- og rekstraraðila mun framkvæmdin verða flokkuð innan A-hluta þó að veggjöld eiga að standa undir afborgunum af heildarkostnaði. Metin arðsemi framkvæmdarinnar af hálfu Vegagerðarinnar er áætluð 7% yfir 30 ára tímabil mv. forsendur um kostnað og greiðsluvilja notenda. Við endanlegt mat á sjálfbærni verkefnisins verða áhrif af mögulegum breytingum á undirliggjandi forsendum framkvæmdarinnar skoðuð sérstaklega með næmnigreiningum. Framkvæmdin mun hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs í heild (A-hluti samtals) skv. GFS uppgjöri Hagstofu Íslands. Hagskýrslustaðlar GFS og reikningsskilastaðlar IPSAS gera þá kröfu að verkefnið verði fært hjá ríkissjóði með tilsvareandi áhrifum á afkomu, eignir og skuldir.